

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 3

við Stjórnartíðindi EB

5. árgangur

22.1.1998

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

| | |
|-------------|---|
| 98/EES/3/01 | Ráðgefandi álit dómstólsins frá 3. desember 1997 í máli E-1/97 (Beiðni um ráðgefandi álit frá Oslo byrett): Fridtjof Frank Gundersen gegn Oslo kommune, með stuðningi norsku ríkisstjórnarinnar 1 |
| 98/EES/3/02 | Ráðgefandi álit dómstólsins frá 3. desember 1997 í máli E-2/97 (Beiðni um ráðgefandi álit frá Fredrikstad byrett): Mag Instrument Inc. gegn California Trading Company Norway, Ulsteen 2 |
| 98/EES/3/03 | Mál höfðað þann 20. október 1997 af Eftirlitsstofnun EFTA gegn konungsríkinu Noregi - (Mál E-7/97) 2 |
| 98/EES/3/04 | Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá Oslo byrett samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 21. október 1997 í máli TV 1000 Sverige AB gegn norsku ríkisstjórninni, en í fyrirsvari er konunglega menningarmálaráðuneytið (Mál E-8/97) 3 |

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

| | |
|-------------|---|
| 98/EES/3/05 | Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1100 - CGEA/Linjebuss) 4 |
| 98/EES/3/06 | Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1065 - Nestle/San Pellegrino) 5 |
| 98/EES/3/07 | Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.954 - Hoechst - Dade Behring) 5 |
| 98/EES/3/08 | Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1043 - BAT/Zürich) 6 |

| | | |
|-------------|---|----|
| 98/EES/3/09 | Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1053 - Mannesmann/Philips) | 6 |
| 98/EES/3/10 | Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1078 - BP/Hüls) | 7 |
| 98/EES/3/11 | Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1090 - GREA/PPP) | 8 |
| 98/EES/3/12 | Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1023 - IFIL/Worms & Cie) | 8 |
| 98/EES/3/13 | Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/36.836/F3) | 9 |
| 98/EES/3/14 | Upphaf málsmeðferðar (Mál nr. IV/M.1040 - Wolters Kluwer/Reed Elsevier) | 9 |
| 98/EES/3/15 | Upphaf málsmeðferðar (Mál nr. IV/M.1047 - Wienerberger/Cremer & Breuer) | 10 |
| 98/EES/3/16 | Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.917 - Valinox/Timet) | 10 |
| 98/EES/3/17 | Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.918 - Klöckner/ODS) | 10 |
| 98/EES/3/18 | Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.971 - Klöckner/Comercial de Laminados) | 11 |
| 98/EES/3/19 | Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.988 - Maersk DFDS Travel) | 11 |
| 98/EES/3/20 | Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1026 - Nordic Capital/Apax Industri) | 12 |
| 98/EES/3/21 | Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 um mál nr. IV/35.992/F3 - Scottish and Newcastle PLC | 12 |
| 98/EES/3/22 | Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 ⁽¹⁾ um mál nr. IV/C-3/36.494 - EACEM (samningur um orkusparnað) | 13 |
| 98/EES/3/23 | Staða talsamskipta á Interneti samkvæmt lögum bandalagsins, einkum tilskipun 90/388/EBE | 13 |
| 98/EES/3/24 | Leiðbeiningar um álagningu sekta samkvæmt 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 17/62 og 5. mgr. 65. gr. sáttmála KSE | 13 |
| 98/EES/3/25 | Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi í Breska konungsríkinu | 14 |
| 98/EES/3/26 | Rekstur áætlunarflugs - Útboðsauglýsing frá Breska konungsríkinu í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Orkney Mainland (Kirkwall) og eyjanna Papa Westray og North Ronaldsay | 14 |
| 98/EES/3/27 | Rekstur áætlunarflugs - Útboðsauglýsing frá Breska konungsríkinu í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Shetland Mainland (Tingwall/Sumburgh) og eyjanna Foula, Papa Stour, Out Skerries og Fair Isle | 15 |
| 98/EES/3/28 | Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 1. 12. til 19. 12. 1997 | 16 |

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

RÁÐGEFANDI ÁLIT DÓMSTÓLSINS

98/EES/3/01

frá 3. desember 1997

í máli E-1/97 (Beiðni um ráðgefandi álit frá Oslo byrett): Fridtjof Frank Gundersen gegn Oslo kommune, með stuðningi norsku ríkisstjórnarinnar⁽¹⁾

(Sala á alkóhóli - ríkiseinkasölur í viðskiptum - frjálsir vöruflutningar)

(Samkvæmt 5. mgr. 27. gr. starfsreglna EFTA-dómstólsins er álitid jafngilt frumgagn á ensku og norsku)

Í máli E-1/97: Beiðni um ráðgefandi álit dómstólsins, samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá Oslo byrett (héraðsdómurinn í Ósló), Noregi, í máli fyrir þeim dómstól milli Fridtjof Frank Gundersen og Oslo kommune (Óslóarborg), með stuðningi norsku ríkisstjórnarinnar um túlkun á 4., 11., 13. og 16. gr. EES-samningsins hefur dómstóllinn skipaður: Bjørn Haug, forseta og dómurunum Þóri Vilhjálmsyni og Carl Baudenbacher (framsögumanni), dómritari Per Christiansen, kveðið upp ráðgefandi álit, dags. 3. desember 1997, og fer niðurstaða álitsins hér á eftir:

1. Ákvæði 16. gr. EES-samningsins útiloka ekki að landslög sem leyfa smásölu á rauðvíni, hvítvíni og rósavíni, sem inniheldur meira en 4,75% vínanda miðað við rúmmál, einungis í gegnum ríkiseinkasölu, á meðan þeim sem fá til þess leyfi yfirvalda er heimilt að selja bjór sem inniheldur minna en 4,75% vínanda miðað við rúmmál (miðlungssterkur bjór) utan einkasölnunnar. Það fyrirkomulag norskrar löggjafar að viðhalda tveimur viðmiðunarmörkum, þar sem eingöngu má selja vín eða vínvörur sem innihalda á milli 2,5 og 4,75% af vínanda miðað við rúmmál í gegnum ríkiseinkasölu, á meðan heimilt er að selja bjór sem inniheldur sama vínandamagn utan einkasölnunnar, kann hinsvegar að leiða til mismununar sem brýtur í bága við 16. gr. EES-samningsins.
2. Ákvæði 4., 11. og 13. gr. EES-samningsins gilda ekki um smásölu á víni.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 282, 18. 9. 1997, bls. 13 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 39, 18. 9. 1997, bls. 12.

RÁÐGEFANDI ÁLIT DÓMSTÓLSINS**98/EES/3/02****frá 3. desember 1997****í máli E-2/97 (Beiðni um ráðgefandi álit frá Fredrikstad byrett): Mag Instrument Inc. gegn California Trading Company Norway, Ulsteen⁽¹⁾****(Tæming vörumerkjaréttar)****(Samkvæmt 5. mgr. 27. gr. starfsreglna EFTA-dómstólsins er álitid jafngilt frumgagn á ensku og norsku)**

Í máli E-2/97: Beiðni um ráðgefandi álit dómstólsins, samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá Fredrikstad byrett (borgardómur Fredrikstad), Noregi, í máli fyrir þeim dómstól milli Mag Instrument Inc. og California Trading Company Norway, Ulsteen, um túlkun á fyrstu tilskipun ráðsins 89/104/EBE frá 21 desember 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vörumerki hefur dómstóllinn skipaður: Bjørn Haug, forseta og dómurumum Þóri Vilhjálmsyni og Carl Baudenbacher (framsögumanni), dómritari Per Christiansen, kveðið upp ráðgefandi álit, dags. 3. desember 1997, og fer niðurstaða álitsins hér á eftir:

Ákvæði 1. mgr. 7. gr. tilskipunar ráðsins 89/104/EBE (vörumerkjatilskipunin) sem vísað er til í XVII. viðauka við EES-samninginn ber í EES-rétti að túlka á þann hátt að það sé í valdi EFTA-ríkjanna að ákveða hvort þau taka upp eða viðhalda meginreglunni um alþjóðlega tæmingu vörumerkjaréttinda að því er lýtur að vörum sem eru upprunnar utan EES.

Mál höfðað þann 20. október 1997 af Eftirlitsstofnun EFTA gegn konungsríkinu Noregi**98/EES/3/03****(Mál E-7/97)**

Þann 20. október 1997 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál gegn konungsríkinu Noregi fyrir EFTA-dómstólnum. Lögmaður sóknaraðila er Hákan Berglin, deildarstjóri laga- og framkvæmdadeildar Eftirlitsstofnunar EFTA, 74, rue de Trèves, B-1040 Brussel.

Sóknaraðili gerir kröfu um að dómstóllinn:

1. Lýsi því yfir að konungsríkið Noregur, með því að taka ekki upp innan tilskilins frests nauðsynleg ákvæði í landslög til að fara að gerðinni sem vísað er til í lið 16f í XVIII. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 92/104/EBE frá 3. desember 1992 um lágmarkskröfur um umbætur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu starfsmanna í jarðefnanámi á yfirborði jarðar eða neðanjarðar), eins og hún var aðlöguð með bókun 1 við EES-samninginn, hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt 13. gr. þessarar gerðar og 7. gr. EES-samningsins.
2. Að konungsríkið Noregur greiði málskostnað.

Málavextir, lagaákvæði og málsástæður:

- Í tilskipun ráðsins 92/104/EBE frá 3. desember 1992 er kveðið á um tiltekna lágmarkskröfur um umbætur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu starfsmanna í jarðefnanámi á yfirborði jarðar eða neðanjarðar.
- Samkvæmt 7. gr. EES-samningsins skulu gerðir sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samninginn eða í ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar vera bindandi fyrir samningsaðilana og vera eða verða teknar upp í landsrétt.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. C 209, 10. 7. 1997, bls. 24 og EES-viðbætur við Stjútíð. EB nr. 29, 10. 7. 1997, bls. 99.

- Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 sem öðlaðist gildi 1. júlí 1994 bættist tilskipun ráðsins 92/104/EBE, um lágmarkskröfur um umbætur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu starfsmanna í jarðefnanámi á yfirborði jarðar eða neðanjarðar, við sem nýr liður 16f í XVIII. viðauka við EES-samninginn (sjá 1. og 3. gr. ákvörðunarinnar og 2. lið A-þáttar 16. viðauka).
- Af 2. gr. ákvörðunarinnar og 13. gr. gerðarinnar, eins og hún var aðlöguð með bókun 1 við EES-samninginn, leiðir að Noregi bar að hringa í framkvæmd nauðsynlegum lögum og stjórnslufyrirmælum til að fara að gerðinni fyrir 3. desember 1994 og tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA tafarlaust um aðgerðir í því skyni.
- Þegar fyrrnefndur frestur rann út, hafði Noregur ekki komið á nauðsynlegum lögum til að fara að gerðinni. Né höfðu síkar ráðstafanir verið gerðar þegar sá frestur rann út sem Eftirlitsstofnun EFTA kvað á um í rökstuddu álit þar sem hún fór fram á að Noregur gerði nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að gerðinni. Noregur hefur því brugðist skyldum sínum samkvæmt 13. gr. gerðarinnar og 7. gr. EES-samningsins.

**Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá Oslo byrett
samkvæmt ákvörðun þess dómstóls frá 21. október 1997 í máli
TV 1000 Sverige AB gegn norsku ríkisstjórninni, en í fyrirsvari
er konunglega menningarmálaráðuneytið**

98/EES/3/04

(Mál E-8/97)

Beiðni hefur verið send EFTA-dómstólum samkvæmt ákvörðun Oslo byrett (héraðsdómurinn í Ósló), Noregi, frá 21. október 1997, sem barst skrifstofu dómstólsins 24. október 1997, um ráðgefandi álit í máli TV 1000 Sverige AB gegn norsku ríkisstjórninni, en í fyrirsvari er konunglega menningarmálaráðuneytið, vegna eftirfarandi spurninga:

1. Felur fyrsti málsliður 22. gr. tilskipunar ráðsins 89/552/EBE í sér almennt viðmið um það sem „kann að hafa alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna og ungmenna“ eða er hverju einstöku ríki Evrópusambandsins og EFTA í sjálfsvald sett að ákveða í hve miklum mæli klám, ofbeldi o.s.frv. geti haft þau skaðvænlegu áhrif sem vísað er til í 22. gr.?
2. Ef gengið er út frá því að fyrsti málsliður 22. gr. tilskipunar ráðsins 89/552/EBE setji almennt viðmið fyrir Evrópska efnahagssvæðið: tjáir sænska viðmiðið sem leyfir atriði tekin í nærmynd sem sýna sjálfsfróun, kynfærarleik og -sog, samfarir, löng atriði sem sýna sáðlát í munn kvenna og hópsamfarir, þá almennu reglu í 22. gr. sem á að gilda fyrir Evrópska efnahagssvæðið?
3. Geta ákvæðin í öðrum málslið fyrstu mgr. 22. gr. tilskipunar ráðsins 89/552/EBE um val á útsendingartímum og tæknilegar ráðstafanir átt við aðstæður sem flokka skal undir fyrsta málslið fyrstu mgr. 22. gr.?
4. Ef kvikmynd telst brjóta í bága við fyrsta málslið fyrstu mgr. 22. gr. tilskipunar ráðsins 89/552/EBE, er a-liður 2. mgr. 2. gr. frekari fyrirstaða þess að stöðva tímabundið frekara endurvarp á sjónvarpssendingum samkvæmt 2. mgr. 2. gr.?
5. Skulu endurtekin brot á 22. gr. sjónvarpstilskipunarinnar flokkast undir a- eða b-lið 2. mgr. 2. gr.?

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1100 - CGEA/Linjebuss)

98/EES/3/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. 1. 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið CGEA Transport (CGEA), sem tilheyrir samstæðunni Compagnie Générale des Eaux (CGE), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir Linjebuss með yfirtökuboði sem var auglýst 9. 12. 1997.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - CGEA: flutningsþjónusta, einkum fólksflutningar,
 - Linjebuss: fólksflutningar í Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Belgíu og Þýskalandi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 20, 22. 1. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1100 - CGEA/Linjebuss, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1065 - Nestle/San Pellegrino)****98/EES/3/06**

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. 11. 1997 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ í tengslum við kaup fyrirtækisins Perrier Vittel S.A., sem er undir stjórn Nestlé S.A., á San Pellegrino.
2. Þessi tilkynning var lýst ófullnægjandi 15. 12. 1997. Viðkomandi fyrirtæki hafa nú lagt fram tilskildar viðbótarupplýsingar og varð tilkynningin fullnægjandi í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 þann 14. 1. 1998. Þar með öðlaðist tilkynningin gildi 15. 1. 1998.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 20, 22. 11. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1065 - Nestle/San Pellegrino, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.954 - Hoechst - Dade Behring)****98/EES/3/07**

Framkvæmdastjórnin ákvað 2. 9. 1997 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 397M0954. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.1043 - BAT/Zürich)****98/EES/3/08**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. 1. 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Zürich Insurance Company (Zürich) sameinast að öllu leyti, í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, B.A.T. Financial Services (BAFS).
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Zürich: skaðatryggingar, líffryggingar, endurtryggingar og eignastjórnun,
 - BAFS: skaðatryggingar, líffryggingar, endurtryggingar og eignastjórnun.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtíð. EB nr. C 18, 21. 1. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1043 - BAT/Zürich, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.1053 - Mannesmann/Philips)****98/EES/3/09**

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. 1. 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Mannesmann VDO AG, sem er undir stjórn Mannesmann AG, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, heildaryfirráð yfir IFG Holding B.V., Philips Car Systems International og Philips Automotive Electronics með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Mannesmann VDO AG: rafeindaíhlutar, bílapartar, skynjarar, kerfistækni fyrir skip, hjólaíhlutar og úr,
 - IFG Holding B.V., Philips Car Systems International og Philips Automotive Electronics: rafeindaíhlutar, bílapartar, skynjarar, stereóbúnaður í bifreiðir og leiðsögukerfi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.

⁽¹⁾ Stjtíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. EB nr. C 18, 21. 1. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1053 - Mannesmann/Philips, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1078 - BP/Hüls)

98/EES/3/10

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. 1. 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Deutsche BP Holding AG, sem er undir stjórn British Petroleum Company p.l.c. (BP p.l.c.), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirlit yfir fyrirtækjunum Styrenix Kunststoffe GmbH & Co. KG og Styrenix Kunststoffe Verwaltungsgesellschaft mbH með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - BP p.l.c.: olú- og gasleit, hreinsun, sala og flutningar á olú og gasi, framleiðsla og markaðssetning á kemískum jarðefnum og skyldum vörum,
 - Styrenix Kunststoffe GmbH & Co. KG og Styrenix Kunststoffe Verwaltungsgesellschaft mbH.: framleiðsla á stýren og framleiðsla og sala á pólýstýren.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. EB nr. C 18, 21. 1. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1078 - BP/Hüls, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.1090 - GREA/PPP)****98/EES/3/11**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. 1. 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Guardian Royal Exchange Assurance plc (GREA) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins allherjaryfirráð yfir PPP Healthcare Group plc (PPP) með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - GREA: váttryggjandi og sjórnun váttrygginga, sem og fjármálaþjónusta og fjárfestingar um allan heim,
 - PPP: einkasjúkratryggingar og stjórnun váttrygginga ásamt tengdri starfsemi, einkum í Breska konungsríkinu.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 20, 22. 1. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1090 - GREA/PPP, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.1023 - IFIL/Worms & Cie)****98/EES/3/12**

Framkvæmdastjórnin ákvað 27. 11. 1997 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á frónsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CFR“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 397M1023. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni
(Mál nr. IV/36.836/F3)****98/EES/3/13**

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. desember 1997 tilkynning í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾ um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni milli franska fyrirtækisins Yoplait S.A. (dótturfyrirtæki Sodiaal, sem er leiðandi franskt samvinnufélag á sviði mjólkurframleiðslu), Sodima International S.A. (dótturfyrirtæki Yoplait), finnska fyrirtækisins Valio Ltd. (fyrirtæki í Valio-samstæðunni) og sænska dótturfyrirtækis þess Valio Sverige AB. Samstarfið miðar að dreifingu og sölu á nýjum mjólkurvörum (einkum jógurt, nýjum osti og eftirrétum) sem framleiddar eru af samningsaðilunum eða framleiðendum sem þeir tilnefna og seldar undir vöruheitinu "Yoplait" í Finnlandi, Svíþjóð, Eystrasaltsríkjunum og síðar meir í tilteknum héruðum í Vestur-Rússlandi. Fyrirtækið um sameiginlega verkefnið mun hafa einkarétt á að markaðssetja og selja Yoplait-vörur á þessum svæðum. Fyrirtækið um sameiginlega verkefnið mun einkum fá vörur hjá móðurfyrirtækjum sínum og hafa tilnefnt Valio sem sölu- og dreifingaraðila fyrir vörurnar.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að fyrirtækið um sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.
4. Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 10 dögum eftir að þessi tilkynning birtist í Stjttíð. EB nr. C 17, 20. 1. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 70 81) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/36.836/F3, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate F
Office 2/75
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Upphaf málsmeðferðar
(Mál nr. IV/M.1040 - Wolters Kluwer/Reed Elsevier)****98/EES/3/14**

Framkvæmdastjórnin ákvað 11. 12. 1997 að hefja málsmeðferð í fyrrnefndu máli eftir að hafa komist að niðurstöðu um að verulegur vafi leikur á að tilkynnt samfylking samrýmist hinum sameiginlega markaði. Upphaf málsmeðferðar leiðir til frekari rannsóknar að því er varðar tilkynnta samfylkingu. Ákvörðunin byggist á c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4046/89⁽²⁾.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða samfylkingu á framfæri við sig.

Til að hægt sé að taka mið af athugasemdunum verða þær að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 15 dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 13, 17. 1. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 - 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1040 - Wolters Kluwer/Reed Elsevier, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

(¹) Stjttíð. EB nr. 13 frá 21. 2. 1962, bls. 204/62.

(²) Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Upphaf málsmeðferðar
(Mál nr. IV/M.1047 - Wienerberger/Cremer & Breuer)

98/EES/3/15

